



Viðauki II við samstarfssamning Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um brunavarnir og eldvarnareftirlit dags. 20. desember 2007, sbr. viðauka dags. 4. desember 2020 um framlengingu samstarfssamningsins um eitt ár, til 31. desember 2021.

Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit eru sammála um að ráðast þurfi á árinu 2021 í kaup á sérstökum tækjabúnaði fyrir Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Gert er ráð fyrir kaupum á stigabíl, tegund Mercedes Benz 1832 ANTOS, árgerð 2016, ekinn um 8.500 km., ásamt viðbótarbúnaði, en tækjabúnaður bifreiðarinnar getur lyft allt að 42 metrum. Kaupverð er áætlað 575.000¹ evrur, sem er um 90 milljónir króna á núgildandi verðlagi en til viðbótar því kemur kostnaður við kennslu á bifreiðina og flutningur. Gert er ráð fyrir, með vísan til tollalaga nr. 88/2005, að vörugjöld vegna innflutnings bifreiðarinnar, falli niður og að virðisaukaskattur vegna kaupanna, verði endurgreiddur.

Vegna kaupa á bifreiðinni, eru Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit sammála um eftirfarandi atriði:

1. Kostnaðarskipting fjárfestingarinnar

Skipting kostnaðar við fjárfestinguna verður samkvæmt 2. gr. viðauka samstarfssamnings aðila dags. 4. desember 2020 og miðast við brunabótamat fasteigna í hvoru sveitarfélagi um sig þann 31. desember 2020².

Hlutfallsskiptingin samkvæmt framangreindu er:

- a. Akraneskaupstaður 66,17%
- b. Hvalfjarðarsveit 33,83%

Komi til greiðslna í formi framlaga frá þriðja aðila, svo sem frá stóriðjunni og fyrirtækjum á Grundartanga eða öðrum aðilum, koma þau framlög til lækkunar á kaupverði í kostnaðarskiptingu milli aðila.

¹ 87.365.080 ÍSK, skv. vefsíðunni [Evra - EUR - Gengi.is](http://Evra-EUR-Gengi.is), þann 2. maí 2021.

² Byggt á gögnum frá Þjóðskrá (dags. 4. maí 2021) , um fasteignamat- og brunabótamat eftir sveitarfélögum þann 31.12.2020.



2. Reikningshaldsleg meðhöndlun fjárfestingarinnar (afskriftir og innri leiga)

Fjárfestingin eignfærast hlutfallslega hjá hvoru sveitarfélag um sig og hefur reikningshaldsleg áhrif með tilliti til afskrifta, innri leigu og fjárfestingakostnaðar til samræmis við reglur þar um.

3. Fjárhagslegt uppgjör fjárfestingarinnar, verði ekki framlenging á samstarfssamningi sveitarfélaganna eftir 31. desember 2021

Komi til þess að ekki verði framlenging á samstarfssamningi aðila eftir 31. desember 2021 sbr. 1. gr. viðauka samstarfssamnings aðila dags. 4. desember 2020, skal Akraneskaupstaður endurgreiða Hvalfjarðarsveit framlag sveitarfélagsins sbr. 1. tölulið stafliðar b. viðauka þessa.

4. Fjárhagslegt uppgjör fjárfestingarinnar við mögulega framlengingu á samstarfssamningi sveitarfélaganna eftir 31. desember 2021

Verði samstarfssamningur sveitarfélaganna framlengdur eftir 31. desember 2021, gildir almenn regla samstarfssamnings frá 20. desember 2007, sbr. 8. gr. þess samnings, um uppgjör fjárfestingarinnar, komi síðar til slita á samstarfi aðila í brunamálum.

Hvalfjarðarsveit/Akranesi, 19. maí 2021

Með fyrirvara um samþykki
sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar

Með fyrirvara um samþykki
bæjarráðs og bæjarstjórnar
Akraness

F.h. Hvalfjarðarsveitar



Linda Björk Pálsdóttir
sveitarstjóri

F.h. Akraneskaupstaðar



Sævar Freyr Þráinsson,
bæjarstjóri